



Yfirlýsing

Við undirrituð foreldrar/forsjáraðilar afþökkum aðkomu skólaþjónustu Árborgar

Nafn

Kennitala

Ástæða afþökkunar (fyllist út af skóla og foreldrum):

Dagsetning

foreldri/forsjáraðili

foreldri/forsjáraðili

f.h. skóla



Persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga

Sveitarfélagið Árborg, er ábyrgðaraðili vinnslu vegna afþökkunar á þjónustu Skólaþjónstu Árborgar. Unnið er með persónuupplýsingar í þeim tilgangi að vinna úr erindinu og ákvarða hvaða börn skuli njóta sérfræðiþjónustu í samræmi við ákvæði 21. og 22. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla eða IX. kafla laga nr. 91/2008 um grunnskóla. Heimild til vinnslu framangreindra persónuupplýsinga grundvallast á lagaheimild, skv. 3. tl. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Við úrvinnslu beiðninnar er unnið með eftirfarandi upplýsingar um barn og forsjáraðila: Almennar persónuupplýsingar þ.e. nöfn, kennitölur og upplýsingar um skóla barns.

Sveitarfélagið varðveitir upplýsingar í tengslum við afþökkunina ótímabundið í samræmi við lagaskyldu. Almennt eru þær persónuupplýsingar sem sveitarfélagið safnar afhentar héraðsskjalasafni Árneseinga að þrjátíu árum liðnum. Sveitarfélagið gætir öryggis persónuupplýsinga með viðeigandi skipulagslegum og tæknilegum ráðstöfunum, þ.á.m. aðgangsstýringum og dulkóðun. Allt það starfsfólk sem kemur að vinnslu persónuupplýsinga í beiðni er bundið þagnarskyldu.

Sveitarfélagið mun ekki miðla persónuupplýsingum til annarra aðila nema að sveitarfélaginu sé það skylt á grundvelli laga, stjórnvaldsfyrirmæla eða dómsúrskurðar. Þá mun sveitarfélagið ekki miðla persónuupplýsingum utan Evrópska efnahagssvæðsins nema á grundvelli sérsakrar heimildar þar um og án þess að upplýsa viðkomandi um slíkt.

Einstaklingur kann að eiga rétt til þess að fá aðgang að þeim persónuupplýsingum sem sveitarfélagið vinnur með í tengslum við afþökkunina. Þá kann einstaklingur að hafa rétt til að andmæla vinnslunni, fá upplýsingar leiðréttar, krefjast þess að þeim verði eytt, að vinnslan verði takmörkuð og/eða að fá upplýsingar afhentar. Nánari upplýsingar um þessi réttindi má finna í persónuverndarstefnu sveitarfélagsins sem er aðgengileg á vefsíðu Sveitarfélagsins Árborgar.

Sérstök athygli er vakin á því að ef óánægju gætir varðandi meðferð sveitarfélagsins á persónuupplýsingum er unnt að hafa samband við persónuverndarfulltrúa sveitarfélagsins (personuvernd@arborg.is) eða senda erindi til Persónuverndar (www.personuvernd.is).

Ég hef kynnt mér ofangreint og er kunnugt um með hvaða hætti Sveitarfélagið Árborg meðhöndli persónuupplýsingar.